

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 14. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0041
IAS

Efni: Líforkuver á Dysnesi, matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 15. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna líforkuvers á Dysnesi.

Líforkuver ehf. áformar að reisa líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2 og eru afurðirnar kjötmjöl og fita sem verða nýtt til orkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir að líforkuverið muni taka við 3.000 - 4.000 tonnum af dýraleifum árlega, en vinnslan mun þó geta annað allt að 10.000 tonnum til að taka við álagstoppum. Í matskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir framkvæmdinni og framleiðsluferlum, helstu áhrifaþáttum og lagt mat á möguleg umhverfisáhrif.

Helstu áhrif geta verið lyktamengun og næringarefni í frárennsli frá stöðinni. Til að eyða lykt verður útblástur leiddur í gegnum hreinsibúnað með „bio filter“, sem að mestu á að koma í veg fyrir lyktamengun, og frárennsli frá stöðinni verður veitt í skólpmeðhöndlunarstöð á iðnaðarsvæðinu. Í Evrópu eru sett skilyrði varðandi bestu fánlega tækni (BAT) og kröfur í þeim verða viðmið við hönnun versins og á líforkuverið að uppfylla losunarmörk BAT skilyrða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Tvö verndarsvæði eru í Eyjafirði í næsta nágrenni við fyrirhugað líforkuver. Þetta eru náttúruvættin Hverastrýtur í Eyjafirði og Arnarnesstrýtur. Þá eru Hörgárósar á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar en um þá segir m.a. í náttúruminjaskrá: „Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf.“ Mikilvægt er að gerð verði vöktunaráætlun til að fylgjast með bæði útblæstri og frárennsli frá verinu eftir að það hefur starfsemi til að hægt verði að bregðast strax við ef óæskileg efni berist út í náttúruna til að koma í veg fyrir að þessi svæði spillist.

Að öðru leiti telur Náttúrufræðistofnun að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum umhverfisáhrifum hennar og að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

